

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 117/1999

frá 30. september 1999

um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

IX. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 95/1999 frá 16. júlí 1999⁽¹⁾.

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 1999/103/EB frá 26. janúar 1999 varðandi beitingu tilskipunar ráðsins 72/166/EBE um samræmingu á lögum aðildarríkja um ábyrgðartryggingu vegna notkunar vélknúinna ökutækja, og til að kveða á um skyldu til að viðhalda váttryggingu gagnvart slíkri ábyrgð⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við 8. lið (tilskipun ráðsins 72/166/EBE) í IX. viðauka við samninginn:

„- **399 D 0103:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 1999/103/EB frá 26. janúar 1999 (Stjtið. EB L 33, 6.2.1999, bls. 25).“

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 296, 23.11.2000, bls. 61 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 55, 23.11.2000, bls. 160.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 33, 6.2.1999, bls. 25.

2. gr.

Fullgiltur texti ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 1999/103/EB á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 1. október 1999, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 30. september 1999.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

N. v. Liechtenstein

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

G. Vik

E. Gerner